STJÓRNARTÍÐINDI B 93 – 2000

Nr. 626 1916 5. september 2000

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 451/2000 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi viðbætur og breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á papriku í 2. gr. reglugerðarinnar:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
Úr tollnúmeri:					
0709.6003	Paprika, önnur (lituð)	05.09. – 30.09.00	ótilgr.	15	199

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 5. september 2000.

F. h. r.
Guðmundur B. Helgason.

Sigríður Norðmann.

Nr. 627 5. september 2000

REGLUGERÐ

um verndun smáfisks við togveiðar norður af Vestfjörðum.

1. gr.

Allar veiðar með fiskivörpu eru bannaðar á svæði norður af Vestfjörðum, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 66°42'50N – 23°42'50V
2. 66°57'00N – 23°22'00V
3. 67°11'00N – 21°20'00V
4. 67°10'00N – 20°32'00V
5. 66°54'47N – 20°39'00V
6. 66°53'60N – 20°52'33V
7. 67°04'00N – 20°42'00V
8. 67°06'50N – 20°48'50V
9. 67°02'00N – 22°00'00V
10. 66°57'50N – 22°00'00V

Gutenberg

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. eru veiðar með fiskivörpu heimilar á svæðinu, sé varpan búin smáfiskaskilju í samræmi við ákvæði viðauka við reglugerð nr. 486, 4. ágúst 1998, um gerð og búnað smáfiskaskilju.

3. gr.

Heimildir til veiða með fiskivörpu á framangreindu svæði takmarkast af ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og reglugerðum settum með stoð í þeim lögum.

4. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 6. september 2000 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Reglugerð þessi kemur í stað reglugerðar nr. 625, 1. september 2000, með sama heiti.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. september 2000.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Þórður Eyþórsson.